

Opnunartími í Löngubúð yfir hátíðarnar

Þorláksmessa, 23. desember: Talið niður í jólin með jólaglöggi og kertaljósum frá 21:00 til 23:30.

Annar í jólum, 26. desember: Spilakvöld: Húsið opið fyrir gesti og gangandi að hittast og spila borðspilin sem leyndust í pökkunum þetta árið eða jafnvel bara uppí hillu. Auk þess verða spil á staðnum. Opið 21:00 til 23:30.

Fimmtudagur, 30. desember: Vegna áskorana hefur verið ákveðið að koma fyrir enn einu PubQuiz árið 2010. Það verður í höndum sigurvegaranna í síðustu keppni, Gísla Hjörvars og Natans. Húsið opnar 21:00 og leikar hefjast 21:30.

Starfsfólk Kvennasmiðjunnar vill að lokum þakka Djúpavogsbúum og öðrum gestum sem lögðu leið sína í Löngubúð kærlega fyrir árið sem nú rennur brátt sitt skeið.

Sjáumst árið 2011!

Jólakveðjur,

Langabúð

